

**STEFNUSKRÁ  
ALÞÝÐUFLOKKSINS**

**SAMDYKT Á 14. ÞINGI  
ALÞÝÐUSAMBANDS ÍS-  
LANDS 16. NÓV. 1937.**

**ALÞÝÐUPRENTSMÍÐJAN MCMXXXVIII**

## I. Stefnuskra Alþýðuflokksins.

1. Alþýðuflokkurinn er stjórnmalaflokkur íslenzkrar alþýðustéttar, sósíalístiskur lýðræðisflokkur, óháður öllum öðrum en meðlimum sínum, íslenzkri alþýðu.
2. Alþýðuflokkurinn setur sér það höfuðtakmark, að vinna bug á auðvaldsskipulaginu á Íslandi og koma á í þess stað þjóðskipulagi sósíalísmans, þ. e. frjálsu stéttlausu samfélagi allra vinnandi manna í landinu, hvort sem þeir vinna erfiðisvinnu eða andleg störf; þjóðfélagi, sem stjórnað sé af þeim sjálfum og þar til kjörnum fulltrúum þeirra með fullkomnu lýðræði í stjórnmalum og atvinnumálum.
3. Höfuðverkefni flokksins er að vinna alþýðuna til fylgis við grundvallarkennningar sósíalísmans, að sameina hinar vinnandi stéttir þjóðarinnar og skipuleggja þær í almenn stéttasamtök, verkalýðsfélög, samvinnufélög, fræðslufélög og stjórnmalafélög. Flokkurinn vill vekja sjálfstraust, vilja og þrek hinna vinnandi stétta. sem eru yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar, til að leysa af hendi hið sögulega hlutverk þeirra, baráttuna fyrir hagsmunum og frelsi alþýðunnar, fyrir því að hún taki völdin til fulls og vinni lokasigur með sköpun hins sósíalístiska þjóðskipulags. Flokkurinn leggur í þessu sambandi sérstaka áherzlu á að fræða alla alþýðu um stefnu flokksins og þróun þjóðfélagsins, til þess að búa hana sem bezt undir þetta hlutverk.
4. Flokkurinn starfar á lýðræðisgrundvelli, innan vébanda sinna og utan, og telur rétt þjóðarmeirihlut-

ans skýlausan til að ráða málum þjóðarinnar, en álitur lýðræðinu í sinni núverandi mynd mjög ábótavant, enda fullkomið lýðræði aðeins hugsanlegt á grundvelli sósíalísmans. Flokkurinn berst þó fyrir því að bæta lýðræðið og fullkomna það og vill koma í veg fyrir, að því sé misbeitt gegn hinum vinnandi stéttum. Jafnframt telur flokkurinn eitt af höfuðverkefnum sínum að verja lýðræðið gegn öllum árásum ofbeldis-, einræðis- og afturhaldsflokka og vill hafa um það samvinnu við alla þá, sem vilja vernda það, hvaða flokkum og stéttum, sem þeir tilheyra.

5. Flokkurinn vinnur að bættum kjörum, auknum réttindum og hverskonar endurbótum fyrir alla alþýðu manna: verkamenn, bændur, sjómenn, iðnaðarmenn og annað vinnandi fólk, en í þessu endurbótastarfi hefir flokkurinn jafnan fyrir augum lokatakmark sitt og undirbýr með því, að alþýðan taki völdin til fulls og skapi sósíalístíkt þjóðskipulag samfara fullkomnu lýðræði. Vill flokkurinn vinna að öllu þessu við almennar kosningar í bæjar- og sveitastjórnnum, á alþingi og í ríkisstjórn, á þingræðisgrundvelli, með stéttarsamtökum sínum og fræðslu- og útbreiðslustarfi á meðal hinna vinnandi stétta.
6. Flokkurinn telur frelsisbaráttu verkalýðsins og allrar alþýðu vera lokabáttinn í frelsisbaráttu íslenzku þjóðarinnar, og álitur, að með sósíalísmannum, en fyrr ekki, sé lagður traustur grundvöllur undir frelsi hennar og yfirráð yfir auðlindum landsins. Jafnframt álitur flokkurinn baráttu verkalýðsins á Íslandi vera þátt í frelsisbaráttu verkalýðsins um allan heim og skoðar sig tengdan bræðraböndum við alþýðu allra landa, á grund-

velli stéttarbaráttunnar fyrir jöfnuði og bræðralagi allra manna, einstaklinga og þjóða, án tillits til kyns, þjóðernis eða kynflokka.

7. Flokkurinn byggir skoðanir sínar á grundvelli hins vísindalega sósíalísmans, marxísmans, og síðari reynslu, sem fengizt hefir bæði á Íslandi og erlendis. Skoðanir sínar á þróun þjóðfélagsins og þeim leiðum, sem flokkurinn mun starfa eftir til þess að koma sósíalísmannum á, setur hann fram í eftirfarandi stefnuyfirlýsingum:

#### I.

1. Breytingarnar á atvinnuháttum þjóðfélagsins ráða mestu um þróunina á öllum sviðum þess. Nýir hættir atvinnurekstrar og eignarréttar leiða af sér nýtt skipulag í félagsmálum, stjórnámálum og menningarmálum. Skipun ríkisins, lög þess og starfsemi endurspeгла að eins hin ríkjandi þjóðhagslegu öfl.
2. Ísland hefir nú síðasta mannsaldurinn fylgst með í hinni almennu auðvaldsþróun og fyrirbrigði þau á sviði atvinnumála og félagsmála, sem einkenna önnur auðvaldsríki, setja einnig svip sinn á vort þjóðfélag. Orsök hinnar ranglátu skiptinga- ar auðæfanna er sú, að ein stéttin á og ræður yfir framleiðslutækjunum, en önnur innir af hendi framleiðslustarfið. Verkamennirnir verða því að hafa ofan af fyrir sér með því, að selja vinnuafli sitt þeim, sem eiga framleiðslutækin. Eignarstéttin fær þannig tækifæri til að arðnýta eignaley- sngjana með því að sölsa undir sig verðmætis- auka þann, er hinar vinnandi stéttir skapa. Þetta er höfuðorsök stéttabaráttunnar.
3. Þjóðfélagsbúskapur nútímans hefir líka leitt smá-

atvinnurekendur, bændur, iðnaðarmenn og smá-  
útgerðarmenn undir ok auðvaldsins, á þann hátt  
að peningavaldið hefir með lánveitingum og  
rentukvöðum náð raunverulegum völdum yfir  
jörðum þeirra og framleiðslutækjum, aðráttum  
og afurðum og gert þá sér skattskylda. Hið skipu-  
lagða auðvald okkrar á vörum til framleiðslu  
þeirra og framfærslu, en sniður af söluverði fram-  
leiðsluvara þeirra. Smáatvinnurekendurnir, bænd-  
ur, iðnaðarmenn og smáútgerðarmenn, neyðast  
því til að vernda hagsmuni sína og fylkja sér með  
verkalýðnum í baráttunni gegn auðvaldinu.  
Stéttabaráttan breiðist út um öll svið atvinnu-  
lífsins og öll þjóðin neyðist til að taka afstöðu  
í baráttunni milli alþýðuvalds og auðvalds.

4. Stórfyrirtæki auðvaldsins í verzlun og iðnaði gera með sér samtök um verðlag og viðskiptakjör gegn neytendunum og smáframleiðendunum, alþýðu landsins, oft og einatt með samböndum við erlenda hringa, atvinnurekendafélög eru stofnuð til að halda niðri kaupgjaldi og vinnukjörum alþýðunnar, peningastofnanirnar mynda með sér innbyrðis samtök, hinn innsta hring auðvaldsins, sem heldur í stjórnartauma þess, jafnvel þó að peningastofnanirnar eigi að heita rikiseign, svo lengi sem alþýðan hefir ekki náð völdunum yfir þeim. Öll þessi máttarvöld berjast sameiginlegri baráttu fyrir hagsmunum auðvaldsstéttarinnar. Aukning véltækninnar og nýting vinnunnar fer sigurför, eykur gróða eignarstéttarinnar en hækkar hinsvegar ekki hin raunverulegu laun verkalýðsins varanlega, né styttr vinnutímann að sama skapi, eykur því atvinnuleysið og lamar kaupmátt fjöldans. Þessi þróun véltækninnar,

samfara eignarétti auðmannastéttarinnar á framleiðslutækjunum, elur af sér stöðugar viðskiptakreppur. Völdin yfir viðskiptum og framleiðslu safnast á færri hendur með aðstoð peningastofnanna, og nota þær einnig í því skyni sparifé almennings. Hið skipulagða auðvald ríkir í þjóðarbúskapnum og hefir opinberar stofnanir, stjórn-  
málaflökka sína og blöð til þess að tryggja og verja þetta vald sitt.

5. Einkenni auðvaldsbúskaparins er að takmark hans er einungis gróði einstakra manna, en ekki að fullnægja þörfum almennings og bæta lífskjör hans. Kapphlaupið um gróðann rekur auðmennina til þess að auka og fullkomna framleiðslutæki sín í sífellu, en vegna þess að þjóðfélagið hefir ekki tekið í sínar hendur yfirstjórn framleiðslunnar, er hún skipulagslaus. Þetta skipulagsleysi og ójöfn skipting á afrakstri framleiðslunnar og þar með lamaður kaupmáttur fjöldans, veldur aftur viðskiptakreppum, sem koma hver á fætur annari.

Kreppuástand það, sem nú hefir ríkt í mörg ár, er ekki einungis viðtækasta og örðugasta kreppan, sem yfir heiminn hefir dunið, heldur skapar það einnig sín sérstöku sögulegu tímamót.

Heimskreppan hefir leitt það skýrt í ljós, að auðvaldsskipulagið svarar ekki lengur kröfum þjóðfélagsins, heldur stendur í vegi fyrir áframhaldandi þróun og menningu. Reynslan sýnir ljóslega, að auðvaldið stendur máttvana gagnvart þeirri kreppu, sem það hefir sjálft leitt af sér og að ekki er hægt að finna neina viðunandi og varanlega lausn á vandamálum hinna vinnandi stétta innan auðvaldsskipulagsins.

Skilyrðið fyrir áframhaldandi framförum í félagsmálum og atvinnuháttum er því að alþýðan sjálf, hinar vinnandi stéttir, nái völdum, þurki út auðvaldsskipulagið og skipuleggi atvinnuvegina á hagfræðilegum grundvelli sósíalísmans.

6. Þróun atvinnuveganna er komin á það stig, að þjóðnýting er tímabær í einstökum atvinnugreinum. Stjórn og eftirlit með heilum greinum viðskipta og framleiðslu er komið í hendur fárra manna og félaga, þannig að þjóðfélagið getur nú komið í þeirra stað og stjórnað fyrirtækjunum með hag almennings fyrir augum. Jafnframt lætur ríki, bæjar- og sveitarfélög sig atvinnumálin meiru og meiru skipta og leggur undir sig eða hefir náð eftirlit með heilum greinum viðskipta og farmleiðslu. Með þessu eru þegar stigin þýðingarmikil spor í áttina til hins sósíalístíka hagskipulags.

Alþýðuflokkurinn vill efla atvinnurekstur hins opinbera á þeim sviðum þar sem þegar er um stórræktur að ræða eða nýjar atvinnugreinar, með því að ríki eða bæjarfélög eigi meiri eða minni hlutdeild í fyrirtækjunum þannig að trygging fáist fyrir því að þau séu rekin með hag alþýðu fyrir augum. Í sama skyni vill hann að haft sé sem nánast opinbert eftirlit með atvinnurekstri og viðskiptasamtökum einstakra manna, félaga og auðvaldshringa. En flokknum er það þó ljóst, að meðan alþýðan hefir ekki náð fullum völdum í þjóðfélaginu verða jafnvel hin opinberu fyrirtæki notuð meira og minna í þágu auðmanna-stéttarinnar, eftir því hver ítök hún á í stjórn þeirra. Fyrst þegar alþýðan hefir náð völdum verður atvinnumálunum stjórnað með hag henn-

ar, þjóðarheildarinnar, fyrir augum. Þá getur alþýðan skapað sér sósíalístíkt hagskipulag atvinnuveganna á þeim grundvelli, sem lagður hefur verið með opinberum fyrirtækjum, samvinnufyrirtækjum og öðrum félagslegum atvinnurekstri, svo og þeirri tækni, sem skapast hefir innan auðvaldsþjóðfélagsins.

## II.

1. Auðvaldið skapar sjálft á þróunarbraut sinni máttarvöld þau, sem fullkomna hrun þess og endurskapa þjóðfélagið í nýrri mynd. Arðrán auðvaldsins og áþján hinna vinnandi stétta neyðir þær til að standa saman og skapa völdug stéttsamtök um atvinnu sína, stjórnmal og menningarstarfsemi og þessi samtök hefja sókn gegn auðvaldinu á öllum vígstöðvum.
2. Alþýðuflokkurinn vill með fræðslu og skipulagsstarfsemi gera alþýðuna hæfa til þess að vernda hagsmuni sína, og leiða baráttuna til sigurs, þangað til hin vinnandi þjóð ræður yfir öllum náttúrugæðum og er leyst undan oki auðvaldsins. En frelsisbarátta alþýðunnar verður að vera verk hennar sjálfrar.
3. Stéttarsamtök verkalýðsins eru undirstaða frelsisbaráttu hans. Með þeim styrkir stéttin og færir út vald sitt og undirbýr það, að alþýðan taki völdin til fulls. Hagsmunirnir, hugsjónirnar og sigurveonin, sameinar verkalýðinn, enda hlýtur hann að verða kjararni hins nýja þjóðskipulags.
4. Samvinnusamtök alþýðunnar safna henni saman, ekki í þeim tilgangi að afla einstökum mönnum gróða, heldur til að útvega ódýrar og góðar vörur og skipuleggja sjálfstæða framleiðslustarfsemi al-

þýðunnar, undir hennar eigin stjórn. Þau eiga að vera algerlega óháð auðvaldsstéttinni og þróast þannig innan auðvaldsskipulagsins, sem vísir hins nýja þjóðfélags og verða á því sviði varanleg undirstaða þess. Alþýðuflokkurinn telur sér og öllum flokksmönnum sínum skylt að styðja samvinnu-hreyfinguna og telur hana eitt af nauðsynlegustu vopnum alþýðunnar í stéttabaráttunni, hliðstæða hinum öðrum greinum alþýðusamtakanna.

5. Flokkurinn berst á þingi og í bæjarstjórnnum á þnggræðisgrundvelli, með löggjöf og hverskyns umbótastarfsemi. að bættum lífskjörum hinna vinnandi stétta. En jafnframt dregur flokkurinn skýr mörk milli sín og annara flokka, andstæðinga sósíalísmans, hvort sem þeir eru íhaldsflokkar í fullri andstöðu við Alþýðuflokkinn, eða milliflokkar, sem hann kann að hafa samvinnu við um lengri eða skemmri tíma um aðkallandi endurbótamál hinna vinnandi stétta.
6. Einstakar umbætur á þjóðfélaginu megna ekki að afmá auðvaldsskipulagið, og jafnan er mikil hætta á, að það sem unnizt hefir, glattist aftur. Alþýðan má því ekki láta sér þær nægja, heldur verður hún að leggja alla áherzlu á að ná völdunum og skapa sósíalístíkt þjóðfélag. Þetta er höfuðverkefni flokksins í allri starfsemi hans.

### III.

1. Alþýðuflokkurinn vill heyja baráttu sína með stéttarsamtökum sínum, verkalýðs-, samvinnu-, fræðslu- og stjórnmálasamtökum, og varast ofbeldi. En búast má við því, að auðmannastéttin láti ekki af fúsum vilja af hendi forréttindi sín og yfirráð. Þegar það nálgast að alþýðan taki

- völdin að fullu, má gera ráð fyrir harðvítugri stjórnmálabaráttu, tilraunum til að setja þvingunarlög í því skyni að hefta sókn alþýðunnar og hin ýmsu samtök hennar, árásum á stéttasamtökin og illkynjaðri vinnulöggjöf, atvinnukúgun og rógi um alþýðusamtökin, varalögreglu í vinnudeilum, jafnvel beinum lagabrotum til að sundra alþýðunni og lama hana í baráttunni, en efla og vernda valdaaðstöðu auðvaldsins. Hættan á slíkum fasisma og gerræði auðvaldsins hér á landi hefir aukist við það, að erindrekar þess, sem sölsað hafa undir sig völd í stjórnmálaflokkum þess, eru teknir að beita jöfnum höndum lýðskrumi og ofbeldis-hótunum og kúgun að dæmi einræðisflokka auðvaldsins úti í heimi. enda standa í vinsamlegu sambandi við þá og lofa fordæmi þeirra. Alþýðuflokkurinn berst gegn öllu slíku gerræði og ofbeldi og beitir til þess jöfnum höndum aukinni fræðslu- og útbreiðslustarfsemi gegn fasismanum, en til verndar lýðræðinu og til þess að vinna sósíalísmannum fylgi með tillögum um ráðstafanir gegn atvinnuleysinu og öðrum erfiðleikum auðvaldskreppunnar, stöðugri hvatningu til sameiningar alþýðunnar gegn ofbeldi og einræði auðvaldsins og skipulagðri baráttu samtakanna með öllu því harðfylgi, sem þau eiga yfir að ráða.
2. Þegar alþýðan hefir náð völdunum til fulls, er það hlutverk hennar að skapa svo fljótt sem auðið er nýtt og öruggara skipulag atvinnuveganna byggt á fullkomnu lýðræði í atvinnumálum og stjórnmálum og leggja þar með traustan grundvöll að þjóðskipulagi sósíalísmans. Í því þjóðskipulagi getur í fyrsta sinni farið saman framtak fjöldans, sem hefir verið haldið niðri í auðvaldsþjóðfélaginu

og framtak og ábyrgðartilfinning hvers einstaklings. Þá verður réttur hvers vinnandi manns til atvinnu, menntunar, góðrar afkomu og hvíldar, tryggður að fullu og hinir mismunandi hæfleikar mannanna fá að njóta sín. Í stað stéttarbaráttunnar og kapphlaupsins um gróðann innan auðvaldsþjóðfélagsins kemur bróðurleg samvinna hinnar stéttlausu, íslenzku þjóðar um að notfæra sér náttúrugæðin til almennrar hagsældar og alhliða menningar.

3. Baráttan milli peninga- og atvinnurekendavaldsins annarsvegar og hinnar vinnandi alþýðu hinsvegar, eða milli auðvaldsins og sósíalísmans, er nú háð í öllum auðvaldslöndum. Sigur eða ósigur alþýðunnar í einu landi hefir áhrif á aðstöðu alþýðunnar í öðrum löndum, og er að því leyti sigur hennar eða ósigur.

Flokkurinn lýsir því samúð sinni með starfsemi bræðraflokka sinna, alþýðuflokkanna í öllum löndum. Hann fylgist einkum af áhuga og samúð með starfsemi alþýðuflokkanna á Norðurlöndum, fyrir bættum kjörum alþýðunnar, eflingu lýðræðisins og undirbúningi undir framkvæmd sósíalísmans; vill flokkurinn hafa við þá vinsamlegt samband og nána samvinnu.

Flokkurinn fylgist einnig af mikilli athygli og samúð með tilraun alþýðunnar í Sovétlýðveldasambandinu til þess að skapa þar sósíalístíkt þjóðfélag. Þar sem ósigur Sovétríkjanna myndi vera ósigur fyrir verkakálýðinn um allan heim, berst hann á móti hverskonar einangrunartilraunum, árásarherferðum og spellvirkjum auðvaldsins gegn hinu nýja þjóðfélagi. Flokkurinn vill auka hið viðskiptalega og menningarlega samband við Sovét-

ríkin og veita óhlutdræga fræðslu um baráttu þeirra fyrir sköpun sósíalísmans.

Flokkurinn vill hagnýta sér þá reynslu erlendra stéttarbræðra og sósíalístískra flokka, sem eiga við íslenzka staðhætti, en vill jafnframt taka það skýrt fram, að hlutverk íslenzkrar alþýðu og flokks hennar er að skapa sósíalístíkt þjóðfélag á þeim sögulega og þjóðfélagslega grundvelli, sem fyrir hendi er hér á landi.

4. Þar sem alþýðunni eru einhuga alþjóðasamtök nauðsynleg eins og eining alþýðusamtakanna innan hvers lands, fylgist flokkurinn af áhuga og samúð með öllum tilraunum til þess að sameina alþýðu allra landa á grundvelli sósíalísmans og lýðræðisins, og lýsir sig andvígan allri klofningsstarfsemi, sem miðar í öfuga átt, undir hvaða yfirskini sem er.

Flokkurinn vill auka kynni sín af erlendum alþýðusamtökum og færa sér í nyt fræðslustarfsemi bræðraflokkanna. Í alþjóðlegum málum kemur hann fram sem ein heild með ákveðnum flokkskoðunum, að svo miklu leyti sem hann lætur þau til sín taka. Öll alþjóðleg samvinna flokksmanna skal vera undir yfirstjórn flokksstjórnar og flokksþings og mörkuð af yfirstjórn flokksins, enda í umboði hans.

5. Í úrslitabaráttu auðvaldsins um allan heim, fyrir því að halda uppi skipulagi sínu, hefir fasísminn brotist til valda í ýmsum löndum, hin ógrímu-klædda ofbeldis- og einræðisstefna auðvaldsins. Eftir að hafa svipt alþýðuna innanlands öllu frelsi og lýðréttindum, stefna hin fasístísku ríki sameiginlega að því, að leggja með ránsstyrjöldum undir sig heimsmarkaðinn og hráefnalindirnar, að af-

nema allan þjóðarétt, að undiroka hinar smærri og veikari þjóðir og þröngva fasismanum upp á allan heiminn. Herbúnaður hinna fasistisku ríkja, undirróður þeirra gegn öllum lýðræðisríkjum og herferðirnar gegn hinum máttarminni þjóðum boða heimsstyrjöld, sem stofnar allri heimsmeningunni í voða.

Smáþjóðirnar eiga því sjálfstæði sitt undir því, að öfl lýðræðisins, friðarins og sósíalisms verði fasismanum yfirsterkari. Og varanlega verður réttur smáþjóðanna ekki tryggður meðan trúin á ofbeldið og gróðann er grundvallarstefna í viðskiptum manna og þjóða. Íslenzka þjóðin á sjálfstæði sitt, menningu og öryggi undir þróun lýðræðis og friðar og undir varanlegum sigri sósíalisms á Íslandi og í umheiminum.

Alþýðuflokkurinn vinnur að sjálfstæði og öryggi íslenzku þjóðarinnar, með frelsisbaráttu sinni innanlands og með samstarfi sínu við bræðraflokkana. Flokkurinn skoðar sig sem arftaka þeirra, sem á undanförunum öldum hafa háð baráttu fyrir frelsi íslenzku þjóðarinnar, fyrir því að leysa hana undan erlendri og innlendri áþjám, þar sem vitanlegt er, að fullt frelsi íslenzku þjóðarinnar er þá fyrst fengið, þegar þjóðin sjálf ræður sameiginlega auðlindum landsins og atvinnutækjum, þegar enginn einstaklingur er lengur kúgaður á einn eða annan hátt og menningin jafnt sem auðæfin er orðin almenningseign. Flokkurinn vill því vernda það sjálfstæði, sem íslenzka þjóðin hefir öðlzt, fullkomna það með myndun sjálfstæðs og fullvalda íslenzks lýðveldis og tryggja það varanlega með fullum sigri sósíalisms. Flokkurinn berst fyrir gagnkvæmum skilningi

þjóðanna á þörfum þeirra, jafnrétti þeirra og góðri sambúð, fyrir friði og fyrir alþjóðabandalagi sósíalistiskra lýðfrjálsra þjóðfélaga.